

18. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

Haldinn þriðjudaginn 22. janúar 2019 kl. 15:00.

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar og Ingibjörg Ólafsdóttir, frá Samtökum ferðaþjónustunnar,

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra var fjarverandi en Svanhildur Hólm Valsdóttir aðstoðarmaður sat fundinn í hans stað. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra var fjarverandi vegna veikinda en Orri Páll Jóhannsson, aðstoðarmaður sat fundinn í hans stað. Kristján Þór Magnússon frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga var jafnframt fjarverandi en Hilda Jana Gísladóttir sat fundinn í hans stað. Björgólfur Jóhannsson og Þórir Garðarsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar voru erlendis.

Aðrir: Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF, Ólafur Teitur Guðnason aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri (áheyrnarfulltrúi) og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar (*til samþykktar*).

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

2. Stöðuyfirlit.

a. *Leyfisveitingagátt*

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að leyfisveitingagáttin á vefnum island.is hefði ekki verið opnuð þrátt fyrir væntingar um slíkt á síðasta fundi. Fram kom í máli ferðamálastjóra að ástæða þess væri uppbygging gáttarinnar og umhverfis á vefnum island.is, m.a. vegna innskráningar með rafrænum skilríkjum. Rætt um mikilvægi þess að þeir sem koma að laga- og reglugerðarsmíð hafi rafræna stjórnsýslu í huga þannig að sem fæstir huglægir þættir komi til álita.

b. *Talningar í Leifsstöð (Straight through processing)*

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundi sínum og ráðherra með dómsmálaráðherra vegna söfnunar og miðlunar farþegaupplýsinga. Verkefnið snerist um samtengingu kerfa og unnið væri að því að kortleggja tæknilega uppbyggingu þeirra. Lokatakmarkið væri að geta á hverjum tíma kallað fram upplýsingar um fjölda ferðamanna í landinu á þeirir stundu fyrir brot af þeim kostnaði sem nú er lagður í að afla slíka upplýsinga með mun minni nákvæmni. Fram kom að erfitt væri að fá upplýsingar frá ákveðnum aðilum á borð við Útlendingastofnun, lögregluna og aðra viðbragðsaðila en upplýsingar sem hægt væri að fá í gegnum Isavia ættu að nægja. Rætt um að mikilvægi þess að Isavia miðlaði upplýsingum beint áfram en Stjórnstöðin hefði þurft að láta skrapa vefinn hjá Isavia frá því í apríl 2018 til að ná upplýsingunum fram. Liðsinni ráðherra væri mikilvægt í því að tryggja samstarf við Isavia.

c. *Talningar aðila innanlands (umferðartalningar, ferðamenn og ökutæki)*

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir vinnu að forverkefni sem kortleggur stöðu mála varðandi samþættingu umferðartalninga og talninga ferðamanna á einstökum áfangastöðum um landið en mikil jákvæðni ríkir í garð verkefnisins. Vegagerðin er þar langstærsti aðilinn. Á síðari stigum mun þurfa að taka afstöðu til eignarhalds á gagnagrunni sem verður til og mun liðka mjög fyrir rannsóknum.

d. *Álagsmatsverkefni, fasi II*

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að sérfræðihópar væru að störfum við að rýna gögn og gildissetja mælikvarða. Fyrstu niðurstöður væru væntanlegar í lok febrúar og þá yrði breiður hópur hagaðila og sérfræðinga kallaður saman til samráðs. Það væri áskorun í vinnunni að horfa á sjálfbærnisáætlanir á landsvísu og þetta væri þróunarverkefni, en mikil hjartsýni væri ríkjandi á væntanlegar niðurstöður sem myndu kallast á við t.d. áfangastaðaáætlanir landshlutanna og framtíðarfyrirkomulag gagnaöflunar og rannsókna.

3. DMP-kynning markaðsstofa landshlutanna og DMO hlutverk þeirra til framtíðar. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stoðkerfi ferðaþjónustunnar og hvernig það stýddi við áfangastaðaáætlanir landshlutanna. Framkvæmdastjóri og ferðamálastjóri eru um þessar mundir að hitta landshlutasamtök til að ræða framfylgd áfangastaðaáætlananna og tengsl þeirra við lögbundnar áætlanir, sem og hugmyndir um einföldun á stjórnáætlun. Fundarmenn ræddu m.a. um mismunandi rekstrarfyrirkomulag markaðsstofanna, landfræðilega skilgreiningu markaðssvæðanna og mikilvægi sterkrar aðkomu sveitarstjórnarstigsins að framfylgd áætlanna. Fram kom að markaðsstofurnar hefðu sjálfar kallað eftir því að verða svokallaðar áfangastaðastofur (*e. DMO eða destination management organisations*) og rætt um hvernig svo mætti verða og hvaða mögulegu aðkomu ríkisvaldið gæti átt að slíkri vegferð. Framkvæmdastjóri benti á þau viðmið sem stuðst er við í Englandi varðandi skilgreiningu á áfangastaðastofum sem mögulega fyrirmynd.

4. Rannsóknir í ferðaþjónustu.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þeim fjármunum sem farið hefðu til rannsókna og gagnaöflunar sl. ár, en unnið væri innan þriggja vídda – efnahagslegrar, umhverfislegrar og samfélagslegrar. Nú væri komið að því að útbúa rannsóknáætlanir sem miðuðust við það fjármagn sem væri til ráðstöfunar. ANR miðar við að fyrstu drög að slíkri áætlun verði tilbúin með vorinu .

Rætt var um mikilvægi samráðs við hagaðila og þess að vel yrði staðið að undirbúningi. Ráðherra lýsti vilja til að forgangsraða fjárveitingum í þágu rannsókna.

Jafnframt var rætt um nýlega kynningu Umhverfisstofnunar á álagsmati ferðamannastaða sem er eitt af þeim verkefnum sem fjármögnuð voru fyrir tilstuðlan ANR og mun koma mjög til skoðunar við gerð rannsóknáætlunar. Fram kom á fundinum að ferðaþjónusta væri eftirbátur annarra atvinnugreina hvað varðaði fjárveitingar til rannsókna en jafnframt að rannsóknum þyrfti að fylgja eftir með aðgerða- og framkvæmdáætlunum.

5. Önnur mál.

Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga minnti á fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að gistináttagjald rynni til sveitarfélaga og myndi nýtast til uppbyggingar ferðamannastaða. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að staða Stjórnstöðvar væri orðin þröng vegna lækkaðra fjárveitinga. Einungis einn starfsmaður væri eftir auk framkvæmdastjóra og vinnan tæki mið af því samhliða getu til að kaupa aðstoð við verkefni.

Ákveðið að leggja ekki áherslu á mánaðarlega stjórnarfundum meðan svona væri en halda fyrirfram ákveðnum dagsetningum og fella þá fundum niður ef staða mála kallaði ekki á fundahöld.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 16.25.